

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

7852-002-FUN-002-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

01.09.2020 / 9:30

NR. FUNDAR

02

VERKHEITI

Svæðisskipulag Suðurlandshérens

VERKKAUPI

SASS

FUNDAREFNI

1. Afmörkun skipulagssvæðis.
2. Landnotkunarflokkar – áherslur í vinnunni
3. Samgöngur – valkostagreining
4. Ferðaþjónusta – valkostagreining
5. Vefsja / kortasja
6. Næsti fundur
7. Önnur mál

FUNDARGERÐ

IS / 01.09.2020

FUNDARBOÐARI

SASS

FUNDARSTAÐUR

Fjarfundur

FUNDARMENN

Bjarni Guðmundsson
 Helgi Kjartansson, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
 Rósa Matthíasdóttir, Hrafnkell Guðnason
 Lilja Einarsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Guðmundur Úlfar Gíslason
 Björgvin Skafti Bjarnason
 Ásta B. Ólafsdóttir, Egill Sigurðsson
 Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kristinn Pálmarrsson
 Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason
 Einar Freyr Elínarson
 Helgi Sigurður Haraldsson
 Eva Björk Harðardóttir, Jóna Björk Jónsdóttir
 Haraldur Eiríksson
 Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir

FYRIRTÆKI

SASS
 Bláskógabyggð
 Flóahreppur
 Rangárþing eystra
 Skeiða- og Gnúpverjahreppur
 Ásahreppur
 Grímsnes- og Grafningshreppur
 Hrunamannahreppur
 Mýrdalshreppur
 Árborg
 Skaftárhreppur
 Rangárþing ytra
 Verkfræðistofan EFLA

DREIFING

Bjarni Guðmundsson

FYRIRTÆKI

SASS

FUNDARSKJÖL

Drög að skipulagslýsingu, skilgreining á skálum og vegum skv. landsskipulagsstefnu, skýringarupprættir.

NÆSTI FUNDUR

28.09.2020 / 12:00

1. Afmörkun skipulagssvæðis

Sýndur uppdráttur þar sem mörk skipulagssvæðisins fylgja þjóðlendlínu, í samræmi við umræður á fyrsta fundi nefndarinnar.

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur ályktað um að mörk skipulagssvæðisins fylgi þjóðlendlínu í þeirra sveitarfélagi.

Mörkin verða tekin fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps.

Önnur sveitarfélög hafa ekki tekið formlega aftöðu til marka svæðisskipulagsins en taka undir að þjóðlendlínan sé líklegustu mörkin. Miðað verður við þjóðlendlínu þar til annað verður ákveðið. Eðlilegt þykir að skipulagsmörkin verði rædd í hverri sveitarstjórn.

2. Landnotkunarflokkar – áherslur í vinnunni

Kynnt tillaga að einföldun á framsetningu stefnunnar. Meira verði um almenn ákvæði, frekar en staðbundin, svo ekki þurfi alltaf að breyta svæðisskipulagi ef aðalskipulagi er breytt. Þetta einfaldar vinnuna. Setjum áhersluna á það sem skiptir mestu máli. Val þeirra sem vinna svæðisskipulag hvaða þættir/landnotkun er undir.

Stefnan kemur líklega til með að byggja á einhvers konar verndarheildum (t.d. hverfisverndarsvæðum) og ákvæðum fyrir þær. Milli þeirra verði mannvirkjabelti. Staðbundin ákvæði verði sett um vegi, afþreyingar- og ferðamannasvæði, (hverfis)verndarsvæði og óbyggð svæði.

Mörkuð verði almenn stefna um nokkra málaflokka innan mannvirkjabelta, sem verður svo útfærð nánar í aðalskipulagi. Tekur til eftirfarandi þátta: Orkuvinnsla, flutningskerfi raforku, grænir samgöngumátar, skógræktar- og landgræðslusvæði, gönguskálar.

Eftir atvikum verður einnig mörkuð stefna um eftirfarandi atriði; hættusvæði/náttúruvá, vatnsverndarsvæði, veiði- og beitarnytjar.

Umræða varð um þessa framsetningu á svæðisskipulaginu og var samhljómur um að fara þessa leið.

Óbyggð svæði

- Settir verða skilmálar fyrir mannvirkjagerð, sem geta verið mismunandi milli svæða.
- Skilgreind verði verndarsvæði með mismunandi skilmálum eftir verndargildi svæða.
- Mörkuð verði stefna um hefðbundnar afréttarnytjar.
- Áhersla er á möguleika til uppgræðslu svæða m.t.t. bindingar kolefnis.

Vernd

Nokkur friðlýst svæði eru innan skipulagssvæðisins. Venjulega er ekki sett hverfisvernd í aðalskipulagi á svæðum sem eru friðlýst skv. náttúruverndarlögum. Hægt er að setja verndarákvæði á svæði sem liggja að friðlýstum svæðum. Gætum þurft að fá aðstoð við að meta verndargildi svæðisins.

- Gerð verður grein fyrir núverandi verndarsvæðum og öðrum svæðum með hátt verndargildi skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Gerð verður grein fyrir óbyggðum víðernum skv. 5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Gerðar verða tillögur um verndun víðerna og annarra náttúrugæða og sett verndarákvæði fyrir þau.

Vistgerðarkortin segja til um verndargildi vistgerða og einnig kortlagning jarðmyndana sem njóta verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd.

Samgöngur

- Megin vegakerfið á hálendinu verður yfirfarið m.t.t. stefnu sveitarfélaganna um hálendisvegi og skilgreining leiða endurskoðuð.
- Skoðað verður hvernig vegakerfið þjónar sem best hagsmunum íbúa og gesta.
- Mörkuð verður almenn stefna um megin göngu-, reiðhjóra og reiðleiðir, þ.e. lengri leiðir á milli svæða/landshluta og tengsl við helstu áningarstaði.

Spurt var hvort landsskipulagsstefna ráði eða stefna sveitarfélaganna í svæðisskipulagi?

Skýnsamlegt er að nýta stefnu landsskipulagsstefnu eins og hægt er því hún er viðurkennd af opinberum aðilum, en auðvitað setja sveitarfélögin fram sína stefnu. Rökstyðja þarf ef fallið er frá stefnu landsskipulagsstefnu.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

- Þjónustusvæði ferðamanna verða yfirfarin og þau flokkuð eftir því hversu mikil þjónusta verður í boði á hverjum stað. Byggt verður á flokkun þjónustusvæða í landsskipulagsstefnu. Skoðað verður hvort þörf sé á nýjum svæðum eða hvort einhverjum sé ofaukið og verður þá m.a. horft til þess að á milli staða sé hæfileg dagleið fyrir gangandi eða ríðandi fólk. Við mat á staðsetningu nýrra svæða verður tekið tillit til þess að hægt sé að aka að staðnum. Skilgreint verður hvernig aðstöðu skal byggja upp á hálendinu og hún flokkuð eftir því hversu mikla þjónustu skal vera með á hverjum stað.
- Lagt verður mat á staðsetningu þjónustusvæða m.t.t. ferðamennsku, núverandi samgangna og verndarhagsmuna. Jafnframt verður skoðað hvort eigi að fella út staði og metin þörf fyrir nýja staði.
- Gætt verður hagsmuna mismunandi „gerða“ ferðamanna og leitast við að taka bæði tillit til „náttúrusinnaðra og þjónustusinnaðra“ ferðamanna.
- Settir verða skilmálar um ásýnd og yfirbragð mannvirkja.
- Við uppbyggingu á hálendinu verði hugað að umhverfisvænum lausnum og í því skini skoðað með að heimila ýmis konar minniháttar framkvæmdir/mannvirki. Til dæmis getur átt við að heimila örvirkjanir til raforkuframleiðslu fyrir þjónustustaði og fjarskiptamannvirki. Jarðhiti verði nýttur til húshitunar og í sturtur/böð þar sem því verður við komið. Forðast verði að framleiða rafmagn með jarðefnaeldsneyti.

- Settir verða almennir skilmálar fyrir fráveitu og sorp.

Bent var á að Skálpanes sé fjallasel í aðalskipulagi og Geldingafell skálasvæði.

Mikilvægt er að öll sveitarfélög yfirfari skála og áningarstaði og sendi uppfærðan lista til Eflu.

Orkuvinnsla og dreifikerfi raforku

- Farið verður yfir möguleika til orkuvinnslu; vatnsafl, jarðvarma og vindorku. Höfð verður hliðsjón af afmörkun/skilgreiningu verndarsvæða og einkum horft til virkjanakosta sem skerða ekki víðerni.
- Kortlagðir verði sérstaklega möguleikar til nýtingar vindorku, einkum á jaðarsvæðum hálendisins.
- Mörkuð verði almenn stefna um orkuvinnslu.
- Horft verði til útfærslu dreifikerfis sem skerðir lítið eða ekki víðerni. Höfð verður hliðsjón af möguleikum og fyrirliggjandi hugmyndum sem koma fram í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 á flutningi raforku milli landshluta.
- Mörkuð verður almenn stefna um flutningskerfi raforku og mögulegar tengingar á milli landshluta.

Í vinnunni þarf að taka afstöðu til hugmynda um orkuvinnslu, einkum m.t.t. verndarákvæða hverfisverndarsvæða.

3. Samgöngur - valkostagreining

Sýndur uppdráttur með stofnvegum á hálendi og landsvegum skv. flokkun Vegagerðarinnar. Ákveðið var að uppfæra uppdráttinn og bæta við helstu vegum skv. gildandi aðalskipulögum sveitarfélaganna.

Eftir fundinn verður sendur út uppfærður uppdráttur. Gott að yfirfara það og skoða heima fyrir m.t.t. eftirfarandi spurninga (valkostagreining). Verður unnið áfram með þetta á næsta fundi.

- Hvar eiga að vera heilsársvegir?
- Hvar eiga að vera góðir sumarvegir þar sem helstu ár eru brúaðar?
- Nýir vegir/óþarfir vegir?
- Mögulegar hringtengingar, ferðamannavegir.

Vinnuhópurinn setur fram sína stefnu og í kjölfarið þarf að hafa samráð um hana við aðliggjandi sveitarfélög.

4. Ferðaþjónusta - valkostagreining

Sýndur uppdráttur með skálum og áningarstöðum skv. aðalskipulagi sveitarfélaganna. Hugsanlega vantar einhver svæði og er þá gott að fá upplýsingar um það. Aðal áherslan er á miðstöðvarsvæði og skálasvæði. Þurfum ekki endilega að vera með skiptingu á milli jaðar-

og hálendismiðstöðva. Hafa þetta einfalt svo ekki þurfi að breyta svæðisskipulagi þó sett sé inn nýtt fjallasel.

Gott að yfirfara uppdráttinn heima fyrir m.t.t. eftirfarandi spurninga (valkostagreining). Verður unnið áfram með þetta á næsta fundi.

- Hvernig á að flokka skálana sem eru í gildandi aðalskipulagi?
- Hugmyndir um nýja staði/tilfærslu á óbyggðum stöðum?

Nýtum okkur áfangastaðaáætlunina í vinnunni en hún var unnin í nánu samstarfi við sveitarfélögin. Nýtum einnig áfangastaðaáætlun Kötluljarvangs, kortavef SASS og fleiri gögn eftir því sem við á.

5. Vefsja / kortasja

Ýmis vinnugögn og kort eru birt á vefnum í svokölluðu StoryMap og fær vinnuhópurinn sendan hlekk á þau gögn. Verið er að sýna hluta stefnunnar í vinnugögnunum og því mikilvægt að gögnunum sé ekki dreift.

6. Næsti fundur

Ágætt að hópurinn hittist af og til þó fjarfundir gangi vel. Nauðsynlegt fyrir hópavinnu að hópurinn hittist. Næsti fundur með vinnuhópnum verður mánudaginn 28. sept. kl. 12.00 á Hvolsvelli. Bjarni boðar til fundarins.

Funda þarf fljótlega með skipulagsfulltrúum og kynna fyrir þeim þá vinnu sem unnin hefur. Mikilvægt að nýta sérþekkingu þeirra í vinnunni. Eru ráðgjafar sveitarstjórnarmanna um skipulagsmál. Bjarni boðar til slíks fundar við fyrsta tækifæri.

7. Önnur mál

- Viljum við breytingar frá stefnu gildandi aðalskipulaga? Mikilvægt að hugsa til framtíðar og setja fram allar mögulegar hugmyndir. Fellum þá frekar einhverjar út á seinni stigum. Í vinnunni verði horft á hugmyndir fyrir svæðið í heild óháð sveitarfélagamörkum.
- Þurfum að gera grein fyrir hvaða stefna er í gildandi aðalskipulögum í forsenduhefti.
- Vantar upplýsingar um gistinætur. Vinnuhópurinn fær sendan lista yfir þá skála sem vantar upplýsingar um. Miðað verði við árabilið 2009-2019.

Efla og
sveitarfélögin